

Reykjavík, 17. maí 2011

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu
refsinga nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).

Dómarafélag Íslands kemur hér með á framfæri eftirfarandi athugasemdum við ákvæði ofanefnds frumvarps.

Samkvæmt athugasemdum við lagafrumvarpið er tilgangur þess tvíþættur, annars vegar að lögfesta nýtt fullnustuúrræði, rafrænt eftirlit með dómþolum, sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu, og hins vegar að hækka þá hámarksrefsingu sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu.

1. Í frumvarpinu er lagt til að fangar, sem dæmdir hafa verið í 12 mánaða fangelsisrefsingu eða lengri geti afplánað allt að síðustu 8 mánuði refsitímans undir rafrænu eftirliti áður en til veitingar reynslulausnar kemur. Fyrir liggur að reynsla annarra Norðurlandabjóða mörg undanfarin ár af slíku fullnustuúrræði hefur verið góð. Virðist því hér vera um heppilegt úrræði að ræða fyrir einstaklinga, fyrir samfélagið og fyrir skattgreiðendur. Dómarafélag Íslands hefur því ekki uppi athugasemdir við að nefnt nýmæli verði tekið upp hér á landi.

2. Varðandi þá breytingu sem lögð er til í 4. gr. frumvarpsins, á 27. gr. laga nr. 49/2005, um hækkingu hámarksrefsingar sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu, bendir DÍ á, og áréttar að samkvæmt lögum skeri dómstólar endanlega úr um réttindi og skyldur í einkarétti svo og um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við þeim. Samfélagsþjónusta er þekkt viðurlagategund víða um heim, þ.á m. á hinum Norðurlöndum. Við setningu laga um samfélagsþjónustu á Íslandi nr. 55/1994 var litið til nágretta okkar á Norðurlöndum, sem tekið höfðu upp samfélagsþjónustu nokkrum árum áður og miðlað gátu af reynslu sinni. Voru ákvæði íslensku laganna að nokkru leyti byggð á þeim fyrirmyndum. Íslensku löggin eru þó frábrugðin lögum nágrennaríkjanna, að því leyti að ákvörðun um samfélagsþjónustu er hér í höndum framkvæmdavaldsins en ekki dómvaldsins. Dómstólar á Íslandi geta því ekki dæmt einstakling til samfélagsþjónustu, heldur er það stofnun á vegum stjórnvalda, Fangelsismálastofnun, sem fer með þetta úrræði. Framkvæmdarvaldinu er þannig heimilt að

taka upp refsíakvarðanir dómstóla og ákveða einstaklingum önnur viðurlög en dómstólar hafa gert.

Dómarafélag Íslands telur að ákvörðun um samfélagsþjónustu sé í eðli sínu dómsathöfn og skilgreina beri samfélagsþjónustu sem tegund refsingar.

Það skal þó tekið fram að reynslan af samfélagsþjónustu hér á landi er almennt talin góð. Ekki verður heldur annað séð en að Fangelsismálastofnun hafi farist vel úr hendi að sjá um framkvæmd mála. Það breytir þó ekki því að komið hafa fram efasemdir um það hvort núverandi fyrirkomulag standist stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

Samfélagsþjónusta er viðurlög í eðli sínu og því eðlilegt að um hana sé fjallað í almennum hegningarlögum, eins og um önnur refsiviðurlög. Það er ekki hlutverk stjórnvalda að ákveða viðurlög, refsingu, heldur dómstóla. Fengi samfélagsþjónusta stöðu viðurlagategundar í almennum hegningarlögum væri dómþola ljóst strax við uppkvaðningu dóms hvaða refsingu hann þyrfti að sæta og ákærvald og verjandi ákærða gætu komið að málum ef ákvörðun um samfélagsþjónustu væri hjá dómstólunum.

Með frumvarpi því sem hér er til umsagnar er enn á ný verið að auka valdheimildir framkvæmdavaldsins til að ákvarða mönnum endanleg viðurlög, þar sem gert er ráð fyrir að fullnusta megi allt að 12 mánaða óskilorðsbundnu fangelsi með samfélagsþjónustu, í stað 6 mánaða í núgildandi lögum. Dómarafélag Íslands leggst gegn og varar við slíkri útvíkkun heimildar Fangelsismálastofnunar til fullnustu refsidóma í formi samfélagsþjónustu.

Telur stjórn DÍ eðlilegra að þær breytingar sem lagt er til með frumvarpi þessu sem fela í sér hækkun þeirrar hámarksrefsingar sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu, séu settar fram með breytingu á hegningarlögum þannig að samfélagsþjónusta sé ein tegund viðurlaga, sem dómstólar ákvarði, svo sem tíðkast í öllum löndum Evrópu þar sem samfélagsþjónusta hefur verið lögtekin.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar DÍ


Ingvaldur Einarsdóttir

formaður